

Efnisyfirlit

1. Almenn	4
2. Viðmiðunarreglur fyrir inngöngu í Fjölsmiðjuna	5
3. Sagan	6
4. Almennar áherslur skv. skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar	7
4.1 Áherslur í starfi.....	7
5. Stjórnendur, starfsmenn og deildir	8
5.1 Hlutverk og áherslur deildarstjóra	9
5.2 Sameiginleg verkefni allra deilda og áherslur.....	9
6. Deildir Fjölsmiðjunnar	10
6.1 Fræðsludeild	10
6.2 Handverks og þökkunardeild.....	12
6.3 Tréiðnardeild	12
6.4 Tæknideild	13
.....	13
6.5 Veitinga- og matvæladeild.....	13
6.6 Bíladeild	14
7. Hagsmunaaðilar	15
8. Hverjir nýta þjónustuna	16
9. Persónuverndarstefna	16
10. Gæðahandbók	16
11. Nám í boði til eininga	17
12. Okkar nálganir	18
13. Sérstaða	19
14. Hugarfar, viðhorf og aðferðafræði	20
14.1 Hver vill ekki umgangast fólk með góða nærveru?	23
14.2 Það er enginn fullkominn og til umhugsunar :	24
15. Yfirlit rekstrar 2026	25
16. Almenn að lokum	26
17. Fylgiskjöl	27
Nr. I- Samningur við nema	27
Nr. II - Almennar reglur	27

Nr. III – Ástundunarreglur.....	27
Nr. IV – Framfaraskráning (dæmi)	27
Nr. V – Dagskrá úr Memaxi hugbúnaðarkerfi.....	27
Nr. VI – Persónuverndarstefna Fjölsmiðjunnar	27

1. Almenn

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun og skv. 3. grein skipulagsskrárinnar „skal Fjölsmiðjan gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun sem tengist þessum þáttum. Einnig skal fara fram grunnfræðsla um samfélagið og starfsemi opinberra- og einkaaðila”.

Starfs- og rekstraráætlunin verður að byggjast á þeim einstaklingum sem sækja í úrræði Fjölsmiðjunnar og fjármögnunar möguleikum Fjölsmiðjunnar. Starfsemin þarf eðlilega að vera í takt við þarfir samfélagsins á hverjum tíma, það er að segja hún þarf að vera eins sveigjanleg og mögulegt er. Mesta áskorunin í starfinu er að efla virkni einstaklinga, samhliða því að reyna að auka vellíðan þeirra og samstillta lofuðum verkefnum Fjölsmiðjunnar.

Einstaklingar sem koma frá Velferðarsviði höfuðborgarsvæðisins eru mis virkir til vinnu og náms og styrkleikar þeirra ólíkir. Þess vegna þurfum við að hafa þjónustuna eins einstaklingsmiðaða og aðstæður okkar leyfa. Margt er sameiginlegt með einstaklingum sem sækja um úrræði Fjölsmiðjunnar í gegnum félagsþjónustuna t.d. svefnleysi, einhverfa, einbeitingarskortur, kvíði, depurð, þunglyndi og félagsfælni, sem dæmi. Sömuleiðis sérgáfur ýmsar um tölvur, tölvuleiki, bíla og tækni svo eitthvað sé nefnt. Einstaklingarnir eru flestir mjög vel enskumælandi, listhneigðir og ljúfir að eðlisfari. Það er því ögrandi verkefni að finna leiðir til að auka vellíðan og virkni þeirra.

Einstaklingar frá VMST eru yfirleitt góður stuðningur við einstaklinga af Velferðarsviðunum og oftast en ekki virk til vinnu og náms. Þeir þurfa eftir sem áður mismunandi stuðning og hvatningu eins og aðrir sem sækja Fjölsmiðjuna.

Þegar einstaklingar sækja um í Fjölsmiðjunni er gerður samningur við þá sem þeir ásamt starfsmanni Fjölsmiðjunnar skrifa undir og samþykkja. *Sjá fylgiskjal nr. I.* Einnig er farið yfir með umsækjendum ástundunarreglur og almennar reglur Fjölsmiðjunnar. *Sjá fylgiskjöl II og III.*

2. Viðmiðunarreglur fyrir inngöngu í Fjölsmiðjuna

Nemar sem sækja um hjá Fjölsmiðjunni þurfa :

- að uppfylla skilyrði Velferðarþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir stuðningi, sömuleiðis skilyrði VMST og hins opinbera.

Áherslupættir :

- Viðkomandi sýni góða hegðun og komi vel fram við alla (ekki ögrandi eða ógnandi).
- Viðkomandi er ekki í neyslu ólöglegra/ávanabindandi efna/lyfja og hafi verið án alls slíks í a.m.k. 3 mánuði áður en umsókn hans berst okkur og það staðfest af tengilið hans. Hægt er að horfa framhjá þessari reglu eftir aðstæðum einstaklinganna t.d. ef viðkomandi er að sækja stuðning samhliða vinnu / virkni í Fjölsmiðjunni.
- Mikilvægt er að starfsmenn Fjölsmiðjunnar sjái möguleika á að auka vellíðan og virkni viðkomandi miðað við okkar aðstæður.
- Möguleiki á að skilgreina ákveðið tilrauna tímabil fyrir viðkomandi.
- Fjölsmiðjan er ekki meðferðarstofnun heldur fyrst og fremst vinnusetur/úrræði til að efla einstaklinga á aldrinum 16 – 24 ára til frekara náms og vinnu.

3. Sagan

Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu 25 ára, 2001- 2026.

Rauði kross Íslands með Ásgeir Jóhannesson formann Kópavogsdeildar í broddi fylkingar hafði frumkvæði að undirbúningi starfsemi Fjölsmiðjunnar og kynnti það fyrir þáverandi félagsmálaráðherra Páli Péturssyni sem tók að sér að hafa forræði að athugun og undirbúningi málsins árið 2001. Verkefnastjóri á undirbúningsstigi Fjölsmiðjunnar var Kristján Guðmundsson fyrrverandi félagsmála- og bæjarstjóri Kópavogs.

Hugmyndin að Fjölsmiðjunni er fengin frá dönsku “ Produktion “ skólunum, sem Þorbjörn Jensson fyrrverandi forstöðumaður kynnti sér vel við upphaf starfseminnar. Reynsla Dana var sú að 80% þeirra sem komu í vinnusestrin fóru í skóla eða út á vinnumarkaðinn sem líklega telst góður árangur.

„Hugmyndin er að vera með trésmíðadeild, garðyrkjudeild, járnsmíðadeild, skrifstofu- og tölvudeild. Þá er ætlunin að vera með umönnunardeild og hústjórnardeild þar sem m.a. verður kennd matreiðsla, saumaskapur og ýmislegt fleira.. svo verður þjóðfélagsfræðsla og fræðsla um peninga...“ Þetta skrifar Þorbjörn Jensson fyrrverandi Forstöðumaður við upphaf Fjölsmiðjunnar árið 2001.

Við teljum að Fjölsmiðjan í dag sé rekin í þeim anda sem upphaflega var farið af stað með.

4. Almennar áherslur skv. skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar

Skv. skipulagsskrá á Fjölsmiðjan að starfrækja verkþjálfunar-/framleiðslusetur og fræðslustarfsemi fyrir ungt fólk á aldrinum 16- 24 ára. Sömuleiðis eiga 25 ára og eldri aðgang að Fjölsmiðjunni ef þeir hafa sérstaka þörf fyrir aðstoð á þessu sviði. Markmiðið er að þroska persónuleika einstaklinga og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði.

4.1 Áherslur í starfi

- Stuðla að heilbrigðum og farsælum venjum í daglegu lífi með frekara nám og þátttöku í lífinu almennt í huga.
- Almenn fræðsla um leiðir til að auka vellíðan, byggðar á rannsóknum, sbr. Fimm leiðir að vellíðan skv. Landlækni.
- Skapa fyrirtækjamenningu Fjölsmiðjunnar sem vonandi endurspeglar það sem okkar nemandi muni upplifa m.a. út á vinnumarkaðnum.
- Meta framfarir og veita endurgjöf til nema og forráðamanna eftir möguleikum skv. regluverkinu.
- Stuðla að jákvæðri hugsun, farsælli hegðun og góðu líkamlegu ástandi sem aftur leiðir til bættrar heilsu.
- Áherslur í starfseminni séu í takt við aðstæður í þjóðfélaginu.
- Miðað er við þarfir VMST og Velferðarþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu, en eðlilega í takt við okkar fjárhagsgetu, starfsmanna fjölda, aðstöðu og verkefni.
- Þjófnað nemum sem ekki hafa lokið formlegu grunnskólanámi möguleika á því að fá viðurkenndar námseiningar á 1. þrepi í ákveðnum fögum.
- Þjófnað nemum og einstaklingum í gegnum VMST. námskeið sem hentar þeirra þörfum hverju sinni m.a. í samstarfi við Framvegis símenntunarstöð.

Útskrift úr lífsleikninámskeiði Líf og heilsa í samstarfi við Framvegis símenntunarmiðstöð.

5. Stjórnendur, starfsmenn og deildir

Yfirlit yfir deildir Fjölsmiðjunnar, ábyrgð stjórnenda og starfsmanna:

- Forstöðumaður, vellíðan nema og starfsmanna, stefnumótun, starfs- og rekstraráætlun, gæði og rekstur, fjölbreytni starfa, sértekjur o.fl.
- Skrifstofustjóri, ábyrgð á bókhaldi, launum og almennu skrifstofuhaldi o.fl.
- Náms- og starfsráðgjafi, staðgengill forstöðumanns, formlegt utanumhald um nema, fræðsla, stuðningur og ráðgjöf.
- Deildarstjóri fræðsludeildar, kennsla, stuðningur og ráðgjöf, meta árangur, lífsleikni, formlegt utanumhald um námseiningakerfið.
- Deildarstjóri handverks- og pökkunardeildar, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur.
- Deildarstjóri tæknideildar, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur.
- Deildarstjóri trúnaðardeildar/pökkunar/auðkenniskorta, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur.
- Deildarstjóri bíladeildar, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur.
- Deildarstjóri matvæla- og veitingadeildar, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur.
- Aðstoðarmaður matvæla- og veitingadeildar, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur.
- Aðstoðamaður tæknideildar, vellíðan, fræðsla, rekstur, sértekjur, afleysing og stuðningur við aðrar deildir m.a. hvað lífsleikni varðar.

Allir starfsmenn stuðla að auknum tekjum (framlegð) og gæðum starfseminnar.



Stjórnendurnir geta verið skuggalegir.

5.1 Hlutverk og áherslur deildarstjóra

- Fylgja eftir starfsáætlun og sinna fræðslu og þjálfunarhlutverki Fjölsmiðjunnar og tryggja gæðin í okkar starfi.
- Jákvæður og leiðbeinandi stjórnunarstíll með uppbyggjandi viðmóti og viðbrögðum.
- Áhersla á einstaklingsmiðaða þjálfun = Vinnuúrræði (þjálfun) + fræðslu/sköpun + hreyfingu/ lífsleikni skv. stundaskrá.
- Áhersla á velferð (vellíðan), styrkleika nema.
- Áhersla á mælanlegan árangur nema og starfseminnar sem verður þróað hér innan dyra.
- Áhersla á formlega endurgjöf til nema m.a. í gegnum skráningarkerfið Memaxi sem verður þróað hér innan dyra.
- Framleiðsla (verkefni) vikunnar, upplýsingagjöf til nema/starfsmanna og fyrir rekstur Fjölsmiðjunnar.
- Leggja áherslu á mælanlegan árangur deildarinnar, starfseminnar. Mikilvæg hvatning fyrir nema og starfsmanna.

5.2 Sameiginleg verkefni allra deilda og áherslur

- Áhersla á vellíðan nema og annarra starfsmanna
- Auka framlegð allra deilda
- Auka gæðin á starfseminni, rekstrarlega (t.d. minni sóun, aukin nýting, vandvirkni, afköst o.s.frv.) og fræðslulega t.d. farsæl mannleg samskipti, aukin vellíðan allra.
- Undirbúa og styðja við námseiningakerfi og námskeiðshald Fjölsmiðjunnar.
- Nýta Memaxi sem upplýsinga-/stjórnartæki.
- Sameinast um að nýta alla föstudaga sérstaklega fyrir innra starf, áherslur tengt m.a. fræðslu/lífsleikni og fjölbreyttar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, hópefli ýmiskonar.

6. Deildir Fjölsmiðjunnar

Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar ber ábyrgð á allri daglegri starfsemi, rekstrar- og félagslega. Forstöðumaður skal leggja sérstaka áherslu á líðan nema og starfsmanna samhliða því að huga að greiðslustöðu Fjölsmiðjunnar. Forstöðumaður tekur stefnumótandi ákvarðanir í samráði við stjórn og starfsmenn Fjölsmiðjunnar. Hann mótar starfs- og rekstraráætlun með sérstaka áherslu á gæði ákvörðunartökunnar innan Fjölsmiðjunnar. Forstöðumaður skal stuðla að jákvæðri fyrirtækja- / stofnanamenningu. Hann þarf einnig að huga að fjölbreytni starfa og sértekjum. Hann ber ábyrgð á inntöku nýrra nema og útskrift þeirra í samráði við náms- og starfsráðgjafa Fjölsmiðjunnar og annarra ráðgjafa nema. Stuðningur forstöðumanns og annarra starfsmanna við nema skal vera eins einstaklingsmiðaður og hægt er.

Heiða Kristín L. Harðardóttir verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi og staðgengill forstöðumanns sér um formlegt utanumhald umsókna, fyrstu viðtöl og skráninga nema í Fjölsmiðjuna, kemur að fræðslu- og þjálfun þeirra í samvinnu við deildarstjóra og forstöðumann Fjölsmiðjunnar. Fundar reglulega með nemum og ráðgjöfum þeirra frá Velferðarsviðum, veitir nemum ráðgjöf og stuðning. Er í daglegum samskiptum við starfsmenn Velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu og VMST í samráði við Forstöðumann Fjölsmiðjunnar. Vinnur ýmis sérverkefni tengd skipulagi, framsetningu gagna o.fl.

Kolbrún Jónsdóttir sér um bókhald, laun og almennt skrifstofuhald og ýmsan stuðning við nema Fjölsmiðjunnar tengt vellíðan, lífsleikni, fjárhags- og skattamálum.

6.1 Fræðsludeild

Ábyrgð : Signý Hlíf Árnadóttir.

Ber ábyrgð á almennri kennslu, veitir stuðning og ráðgjöf og fer með formlegt utan um hald um nám nema í samráði við aðra kennara, náms- og starfsráðgjafa og forstöðumann.

Kennarar í ísl. og stærðfræði verða verktakar. Samstarf við Framvegis símenntunarmiðstöð með ýmis lífsleikninámskeið innan sem utan Fjölsmiðjunnar.



Stjórnámálamenn hafa áhrif á okkur.

Áherslur:

- Einstaklingsmiðuð fræðsla í samráði við aðra starfsmenn Fjölsmiðjunnar með því að samþætta vinnuúrræði /fræðslu/sköpun/hreyfingu/lífsleikni og hafa gaman.
- Markþjálfun/sjálfstyrking.
- Almenn fræðsla og eftirfylgni. Þróa færnimöppu Fjölsmiðjunnar þ.e. skrá það sem nemar Fjölsmiðjunnar hafa lært.
- Hreyfing/yoga sem dæmi.
- Halda utan um námseininga kerfi Fjölsmiðjunnar.
- Markvisst reynt að auka vellíðan nemanna okkar.
- Huga að námskeiðum / einingabæru námi í samstarfi við Framvegis símenntunarstöð.
- Þróa markvisst ísl.námið / -kennslu fyrir einstaklinga af erlendum uppruna.
- Þróa einstaklingsbundinn stuðing með öðrum starfsmönnum Fjölsmiðjunnar.

6.2 Handverks og pökkunardeild

Ábyrgð: Olga Aleksieieva

Áherslur:

- Afla fjölbreyttra verkefna / sértekna.
- Sampætta vinnuúrræði, fræðslu, listsköpun og hafa gaman.
- Reyna að nýta list og sköpunar hæfileika nema í samráði við þá.
- Kanna möguleika á samvinnu á milli deilda t.d. tréiðnaðardeildar m.a. til tekjuöflunar og fjölbreytni starfa.
- Markvisst reynt að auka vellíðan nemanna okkar.
- Stuðningur við uppbyggingu samfélagsmiðla með þjónustu og markaðssetningu Fjölsmiðjunnar í huga.
- Nýta möguleika gróðurhússins með öðrum deildum.



6.3 Tréiðnaðardeild

Ábyrgð: Guðmundur Hrafnkelsson húsasmiður

Áherslur:

- Skapa vörur til tekjuöflunar m.a. í samráði við aðrar deildir eins og t.d. handverksdeild og nema.
- Viðhalda brettasmíði með stuðning frá fyrirtæki úti í bæ.
- Halda áfram stórum verkefnum við vörumerkingar eins og verið hefur.
- Markaðssetja auðkenniskortin enn frekar sem er hluti af verkefnum deildarinnar.
- Treysta þau verkefni sem hafa verið í gangi eins og t.d. viðskipti við Norðurál.
- Sér um viðhald á húsakynnum Fjölsmiðjunnar í samráði við forstöðumann.
- Reyna eftir bestu getu að auka fjölbreytni starfa eftir aðstæðum hverju sinni.
- Markvisst reynt að auka vellíðan nemanna okkar.



6.4 Tæknideild

Ábyrgð: Ásbjörn E. Torfason deildarstjóri

Aðstoðarmaður: Davíð Bergmann

Áherslur:

- Sérhæfa okkur í móttöku á tölvu- og netbúnaði, endurnýtingu og endurvinnslu á þeim.
- Efla tengsl við innlenda og erlenda kaupendur á endurnýtanlegum vörum og búnaði.
- Áhersla á hringrásarhagkerfið og umhverfismál, m.a. efla samstarf við innlenda endurvinnsluaðila.
- Vinna að því að tengjast fleiri fyrirtækjum/stofnunum til að tryggja framtíðar tekjuginn deildarinnar.
- Vinna markvisst að flokkun á rafrænum úrgangi til að auðvelda endurnýtingu og til að efla umhverfisvitund nemanna okkar.
- Markvisst reynt að auka vellíðan nemanna okkar.
- Huga að nýjum möguleikum til að auka fjölbreytni starfa / verkefna tengt t.d. framleiðslu – og tæknimálum sem hugsanlega geta aukið framlegð deildarinnar.



6.5 Veitinga- og matvæladeild

Ábyrgð: Angela Figus matreiðslum.

Aðstoðamaður: Franciso Agreda

Áherslur:

- Viðhalda úrvals gæðum og þjónustu deildarinnar.
- Kanna möguleika á viðbótar sértekjum m.a. í samráði við aðrar deildir eins og t.d. handverksdeild.
- Kanna möguleika á sérþjónustu fyrir fundi sbr. fyrirspurn frá Menntamálastofnun o.fl.
- Viðhalda framleiðslu bakkamats eftir þörfum.
- Tryggja og auka fræðslu á mataröryggi m.a. með stuðningi af nýjum hugbúnaði til eftirlits.
- Markvisst reynt að auka vellíðan nemanna okkar.
- Reyna að auka enn frekar þekkingu nema á matargerð.
- Finna leiðir til að namar deildarinnar geti fengið einingar fyrir ákveðna þekkingu/reynslu sína í veitingadeild í samvinnu við samstarfsskóla Fjölsmiðjunnar.
- Ath. að þróa færni- / ferilmöppu fyrir nema.
- Meta áhrif (kosti / galla) þess að loka veitingadeildina fyrir gestum.



6.6 Bíladeild

Ábyrgð: Gunnar Guðjónsson deildarstjóri til 01.08.26.

Brynjar Unnsteinsson eftir 01.08.26.

Áherslur:

- Þrifa og bóna bíla.
- Möguleiki að læra af því að taka í sundur tjónabíla m.a. tengt námi.
- Reyna að ná samningum við fyrirtæki um þrif og bón þjónustu.
- Áhersla á vandvirkni og þjónustulund.
- Kynna vel möguleika deildarinnar hjá a.m.k. nær umhverfinu.
- Markvisst reynt að auka vellíðan nemanna okkar.
- Kanna aðra þjónysu




7. Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilum Fjölsmiðjunnar þarf að sinna á einn eða annan hátt og eiga gott samstarf við. Um er að ræða eftirfarandi aðila, en listinn er þó ekki tæmandi.

- Nemar og einstaklingar á vinnumarkaði sem þurfa einstaklingsmiðaða þjálfun.
- Forráðamenn nema uppá tengsl og hugsanlega fræðslu/námskeið.
- Menntamála- og félagsmálaráðuneytið með hugsanlega námsmöguleika og fjármögnun í huga.
- VMST með því að stuðla að aukinni virkni atvinnulausra með vinnuúrræði, fræðslu og fjármögnun í huga.
- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.
- Almennigur, nauðsynlegt að vinna að því að skapa jákvæða ímynd Fjölsmiðjunnar og virkja velunnara Fjölsmiðjunnar.
- Viðhalda samningum Fjölsmiðjunnar.
- Ath. samstarfsmöguleika við aðila eins og Virk o.fl..

Samkvæmt ofangreindu er töluvert verk framundan í markaðs- og kynningarstarfi fyrir Fjölsmiðjuna.



Umferðar- og forvarnarfræðsla hjá stuðningsaðila okkar Sjóvá.

8. Hverjir nýta þjónustuna



Börn fyrrverandi nema koma stundum í heimsókn.

Þeir sem eru líklegastir til að nýta sér þjónustu Fjölsmiðjunnar eins og hún er starfrækt í dag eru:

- Einstaklingar (nemar) frá Velferðarþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu.
- Ungir atvinnulausir einstaklingar frá VMST, einstaklingar með skerta starfsgetu og af erlendum uppruna.

Eftirspurnin fer að sjálfsögðu eftir því hvaða þjónustu við bjóðum, fjölbreytni starfa og þörfinni hverju sinni.

9. Persónuverndarstefna

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar (nr.90/2018) tóku gildi þann 15. júlí 2018. Þeir sem vinna með persónuupplýsingar bera ábyrgð á því að farið sé með þær í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd. Fjölsmiðjan hefur unnið að sinni persónuverndarstefnu sem sjá má í *fylgiskjali VI*.

10. Gæðahandbók

Unnið hefur verið að gerð gæðahandbókar Fjölsmiðjunnar. Gæðahandbókin er ætluð starfsfólki, nemum og öðrum. [Sjá hér.](#)

11. Nám í boði til eininga

Samstarfsamningur Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu við framhaldsskóla um einingabært nám.

Föstudaginn 15. janúar 2021 var samstarfssamningur Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu, Borgarholtsskóla, Fjölbrautarskólans við Ármúla, Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Tækniskólans undirritaður í húsnæði Fjölsmiðjunnar, Víkurhvarfi 2, 203 Kópavogi.



Samstarfssamningur undirritaður 15. jan. 2021 mynd tók Sturlaugur S

Undir samstarfssamninginn rituðu Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar, Hjördís Bára Gestsdóttir verkefnisstýra Fjölsmiðjunnar, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Magnús Ingvason skólameistari Fjölbrautarskólans við Ármúla, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskólans.

Þann 7. september árið 2020 hlaut Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem framhaldsfræðsluaðili á 1. þrepi. Þessi viðurkenning hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nema Fjölsmiðjunnar þar sem namar fá aukin tækifæri til náms í Fjölsmiðjunni sem metið verður til eininga. Þá er þetta ekki síður viðurkenning á þeirri þróun á faglegu starfi Fjölsmiðjunnar sem hefur átt sér stað á síðastliðnum árum.

Samstarfssamningurinn hljóðar upp á að namar Fjölsmiðjunnar geta nú sótt einingabært nám á 1. þrepi í samstarfsskólunum. Í fyrstu verður boðið upp á nám í tveimur áföngum í íslensku, tveimur áföngum í stærðfræði og tveimur áföngum í lífsleikni. Einingarnar sem nemarnir ljúka eru svo metnar að fullu til áframhaldandi náms ef vill.

12. Okkar nálganir



Stefnt er að aukinni íslenskukennsla út í deildum í samvinnu við Framvegis símenntun.

„Verkfærin okkar/aðferðarfræði til aukins árangurs“!

- Fimm leiðir að vellíðan frá Landlækni einskonar leiðarljós okkar og vinna með einstaka þætti t.d. í hópavinnu.
- Kærleikur (væntumþykja), umburðarlyndi, sveigjanleiki, svigrúm, tillitssemi og hafa gaman líka.
- Vinnan / störfín / fyrirtækjamening / þjálfar og undirbúa nema fyrir nám og vinnu út í atvinnulífínu.
- Góð mannleg samskipti (áhersla á styrkleika, ekki veikleika).
- Námskeið / almenn fræðsla / sköpun / þekking og reynsla starfsmanna.
- Mögulegar námseiningar og námskeið.
- Hreyfing / lífsleikni.
- Fyrirtækja- og stofnanaheimsóknir.
- Endurgjöf.
- Hafa í huga HAM (leiðrétta hugsanaskekkjur).
- Núvitund... að vera til staðar (Vakandi athygli)
- Memaxi hugbúnaður fyrir nema m.a. til að auðvelda utan um hald og veita endurgjöf.
- Framfaraskráningar og reglubundnar árangursmælingar úti deildum eins og kostur er.
- Skráningarkerfið INNA, heldur utan um allt sem tengist formlegri fræðslu fyrir nema Fjölsmiðjunnar sem sækja nám í fræðsludeild.

Sjá dæmi um framfaraskráningu í *fygiskjali IV*.

Sjá dæmi um dagskrá Fjölsmiðjunnar yfir vikutíma, fengið úr Memaxi hugbúnaðarkerfi í *fygiskjali V*.

13. Sérstaða

Sérstaða Fjölsmiðjunnar getur verið margþætt og einna helst byggir hún á því að við höfum möguleika á að:

- Blanda saman á vinnustaðnum úrræðum sem saman standa af öfluglu vinnuúrræði + fræðslu/sköpun + hreyfingu/lífsleikni sem vonandi skilar sér í aukinni vellíðan nema og gera eitthvað skemmtilegt líka.
- Skapa notalega vinnustaðamenningu, vettvang til að eignast vini, njóta félagsskapar jafnaldra og brjóta upp félagslega einangrun.
- Bjóða upp á stuðning við hvers konar nám sem metið er til eininga og nemandi stundar samhliða vinnu, hvort sem er blöndun við fjar- eða staðnám.
- Bjóða upp á viðurkenndar námseiningar inn í framhaldsskóla.
- Tenging Fjölsmiðjunnar við fyrirtæki og stofnanir sem auðveldar nemum að komast inná vinnumarkaðinn. M.a. með því að bjóða þjálfunarstyrk nema samhliða vinnuþjálfun út í bæ.

14. Hugarfar, viðhorf og aðferðafræði



Listamaðurinn Eva hannaði vegginn í veitingadeildinni, með skilaboð til okkar allra.

Þegar kemur að því að skoða hverskonar hugarfar, viðhorf og aðferðafræði við viljum beita til að ná árangri í starfsemi Fjölsmiðjunnar þá eru ótal leiðir sem hægt er að velja á milli.

Lífið er þjálfun andlega og líkamlega út ævina.

Við getum endalaust bætt okkur í lífinu og stuðlað að aukinni lífsgleði sem eykur hagkvæmni hagkerfisins þar sem sáttir einstaklingar í lífinu taka líklega farsælli ákvarðanir en ella.

Hvenær tökum við e.t.v. farsælli ákvarðanir en ella?

Líklega þegar okkur líður vel og erum upplýst og laus við óttann um fortíðina og framtíðina og þjálfum okkur í því að njóta augnabliksins, fyrirgefa og rækta kærleika og þjálfast sig m.a. í þakklæti.

Stundum er talað um sex dyggðir í lífinu sem mynda hugsanlega hinn fullkomna mann ?

Atriði eins og:

- Sköpunargleði, forvitni, víðsýni, námsvísni
- Hugrekki
- Kærleikur og mannúð
- Réttlæti
- Hófsemi
- Trúarkennd / Andlegur þroski

Landlæknisembættið hefur kynnt „Fimm leiðir að vellíðan“ sem byggðar eru á breskri rannsókn frá árinu 2012. Við viljum nýta þessa rannsókn og ábendingu Landlæknisembættisins til að efla okkar starf.

M.a. með því að vinna með einstaka eftirfarandi þætti:

Fimm leiðir að vellíðan

1

Skapaðu tengsl

Myndaðu tengsl við fólkið í kringum þig, við fjölskylduna, vini þína, samstarfsfólk og nágretta. Ræktaðu tengslin heima hjá þér, í vinnunni, í skólanum og nánasta umhverfi þínu. Líttu á þessi tengsl sem hornsteina lífs þíns og gefðu þér tíma til að hlúa að þeim. Að skapa þessi tengsl styrkir þig og auðgar líf þitt hvern einasta dag.

2

Hreyfðu þig

Farðu út að ganga eða hlaupa. Farðu út fyrir. Hjólaðu. Farðu í leiki. Ræktaðu garðinn þinn. Dansaðu. Hreyfing færir þér vellíðan. Það mikilvægasta er að finna þá hreyfingu sem þú hefur gaman af að stunda og hentar líkamlegu ástandi þínu og getu.

3

Taktu eftir

Vertu forvilit(n). Taktu eftir fegurðinni allt í kringum þig. Taktu eftir hinu óvenjulega. Taktu eftir árstíðabreytingum. Njóttu augnabliksins, hvort sem þú ert að ganga í vinnuna, borða hádegismat eða tala við vini þína. Vertu vakandi fyrir veröldinni í kringum þig og hvernig þér líður. Að veita því athygli sem þú upplifir hjálpar þér að meta það sem skiptir þig máli.

4

Haltu áfram að læra

Prófaðu eitthvað nýtt. Rifjaðu upp gamalt áhugamál. Skráðu þig á námskeið. Taktu að þér ný verkefni. Lagaðu reiðhjól. Lærðu að spila á hjóðfæri eða elda eftirlæfis matinn þinn. Settu þér markmið sem þú munt hafa gaman af að ná. Það er skemmtilegt að læra nýja hluti auk þess sem það eykur sjálfstraust.

5

Gefðu af þér

Gerðu eitthvað fallegt fyrir vin þinn eða ókunnuga manneskju. Þakkaðu einhverjum. Brostu. Gefðu öðrum af tíma þínum. Taktu þátt í félagsstörfum. Líttu út á við og líka inn á við. Að skoða þig og hamingju þína í stærra samhengi getur verið einstaklega gefandi og skapar tengsl við fólkið í kringum þig.





Skv. rannsóknum þá hefur það sýnt sig að hægt er að þjálfa heilann/hæfileika endalaust þ.e.a.s. út ævina.

Gildi sem við viljum m.a. hafa í huga :

Fjölskylda Lærdómsást Hófsemi Iðjusemi

Frelsi Fyrirgefning Þakklæti Áreiðanleiki Trú Kærleikur

Umburðarlyndi Ábyrgð Góðvild Sköpunargáfa Ást

Heiðarleiki Tryggð Hjálpssemi Gleði Traust Hógværð

Ástríða Samvinna Einlægni Þekking Sjálfræði Von

Hugrekki Réttlæti Sjálfsstjórn Auðmýkt Vinátta Öryggi

Heilbrigði Kurteisi Skyldurækni Örlæti Bjartsýni

- Við viljum m.a. nýta okkur **HAM**, hugræna atferlismeðferð til að auðvelda nemunum okkar að leiðrétta hugsanaskekkjur og vinna með t.d. fimm þátta líkan HAM. m.a. með námskeiðshaldi.
- Nauðsynlegt er að vera meðvitaður um það þegar hugsanaskekkja fer af stað. Reyna að brjóta upp hugsana hringrásina. Við gerumst oft „sérfræðingar“ í hugsanalestri og verðum e.t.v. þrælur hugans án þess að verða vör við það sjálf.

Við höfum val um viðhorf í lífinu, t.d. dagur:

- Friðar
- Reiðinnar
- Öfundar
- Fyrirgefningar
- Jákvæðni / neikvæðni
- Gleðinnar
- Sorgarinnar
- Lausnarinnar
- Þrjúskunnar
- O.s.frv.

Við viljum nýta okkur aðferðir jákvæðrar sálfræði.

Lífið er ekki alltaf auðvelt en:

- „Systurnar Sorgin, Sáttin og Gleðin eru hluti af því að þroskast í lífinu.

Ekki loka systurnar af, spjöllum frekar við þær og lærum að lifa með þeim” (Anna Valdimarsdóttir).

- „Hamingja er heilbrigt viðhorf, þakklátur andi, hrein samviska og hjarta fullt af kærleika” (Karl Sigurbj.).

14.1 Hver vill ekki umgangast fólk með góða nærveru?

- Einhver sem nennir að hlusta.
- Sýnir samkennd, samúð og hlýju.
- Er ekki of upptekinn af sjálfum sér.
- Dæmir ekki.
- Viðkomandi er til staðar, ekki annars hugar.
- Án fordóma í samskiptum.

14.2 Það er enginn fullkominn og til umhugsunar :

- Einna mikilvægast fyrir andlega líðan okkar er að læra að láta sér líða vel með sjálfum sér, kostum sínum og göllum.
- Mikilvægt er að spyrja sjálfan sig og aðra opinna spurninga sem lið í því að leita svara við flækjum lífsins. „Hvernig öðlast ég innri ró? Hvenær líður mér best?
- Ef tilfinningar okkar í eigin garð mótast af ósanngjarnri gagnrýni, sjálfsásökunum og miskunnarlausri kröfuhörku um eigin getu er hætt við að tilfinningar okkar til annarra beri lit af því lífsviðhorfi.
- Hins vegar er full ástæða til að ætla að jákvæðar tilfinningar í eigin garð ali af sér umburðarlyndi og ánægjuleg samskipti við aðra.
- Gott er að hafa hugfast að það er afskaplega erfitt að vera annar en maður sjálfur, við þurfum öll á því að halda að aðrir kunni að meta okkur fyrir það að vera einmitt við sjálf.
- Hvenær er maður ánægðastur? Kannski þegar maður fer út fyrir þægindahringinn sinn?
- Eins og áður hefur komið fram þá velur maður sér viðhorf í lífinu en lífið er ekki alltaf auðvelt, sumir þroskast, styrkjast sem einstaklingar hraðar en aðrir vegna þess að þeir hafa upplifað meira mótlæti en aðrir og meta lífið á mismunandi hátt eins og t.d. þeir sem þurfa að tækla erfiða sjúkdóma.
- Viðhorfið: „Ég er ekki fullkominn en ég get ýmislegt“ þjálfar mann að gefast ekki upp þó að á móti blási.
- Hugsun + hegðun + líkamlegt heilsufar = líðan (van-/ vellíðan)
- Jákvæð / neikvæð hugsun + virk / óvirk í samskiptum + hreyfing / kyrrseta = Vellíðan / Vanlíðan.
- Mikilvægt að þjálfra athyglivöðvann (ekki bara magavöðvann). M.a. með því að vera til staðar, t.d. með óformlegri hugleiðslu, hlustun, njóta stundarinnar, hreyfingu, söng og listsköpun sem dæmi.
- Hugurinn er brögðóttur, dregur mann stundum út í vitleysuna. Gott að grípa í núíð / andardráttinn þá rjúfum við mögulega hugsanaskekkjuna.
- Vakandi athygli (núvitund) er að sjá hlutina eins og þeir eru.
- Viðhafa hugarfar sáttar, fyrirgefningar, þakklætis, tillitssemi og umburðarlyndis.
- Sýna sjálfum sér sjálfsmildi.

15. Yfirlit rekstrar 2026.

Ekki er gert ráð fyrir neinum meiriháttar fjárfestingum á árinu. Þó verða keyptir hlutir til að styðja við almenna starfsemi Fjölsmiðjunnar. Hugað verði þó að endurnýjun á 8 manna farþegabíl Fjölsmiðjunnar.

Fjölsmiðjan er verkþjálfunar-, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Aðal hlutverk okkar er að undirbúa nema fyrir vinnu og frekara nám.

Fjölsmiðjan er í 1900 m² leiguhúsnæði. Leigusamningur Fjölsmiðjunnar var endurnýjaður í jan. 2025 til 5 ára með möguleika á framlengingu eða kaupum á húsnæðinu. Mesta kostnaðaraukningin á árinu tengist hækkun leigunnar. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ábyrgjast leigusamninginn. Vonast er til að reksturinn verði í jafnvægi á árinu 2025.

Framlög :

Helstu framlög Fjölsmiðjunnar á árinu 2026 koma frá Atvinnuleysistryggingasjóði (VMST), rúmar 80 m.kr, frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu um 58 m.kr og frá Menntamálaráðuneytinu 45 m.kr., samtals um 183 m.kr. Stefnt er að því að reksturinn verði í jafnvægi á árinu 2026.

Aðrar tekjur :

Gert er ráð fyrir um 50 m.kr. tekjum af eigin framleiðslu/þjónustu Fjölsmiðjunnar.

Kostnaður :

Gert er ráð fyrir því að framlegð deilda standi í stað á milli ára. Laun hækka í takt við almennar launahækkunarir.



Jólaskemmtun

16. Almennt að lokum

Einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni er að nemar Fjölsmiðjunnar skynji löngun okkar til að ná árangri við það að auka vellíðan þeirra. Þarfir nemanna eru án efa mismunandi og leiðirnar til að ná árangri eru líka margar, hver þeirra er farsælust má örugglega deila um.

Við viljum styðjast við hvað rannsóknir segja um farsælar leiðir að vellíðan. Þess vegna viljum við leggja áherslu á „Fimm leiðir að vellíðan“ skv. ábendingum frá Landlæknis embættinu. Að auki þurfum við að þjálfva vinnulag og kenna handverk og skapa jákvæða fyrirtækjamenningu sem nemar okkar vonandi upplifa út í atvinnulífinu. En á endanum byggist árangurinn á starfinu á því að neminn axli ábyrgð á eigin lífi samhliða því sem við bendum honum á mögulegar leiðir til þess.

Okkur langar til að reyna að auka sértekjur Fjölsmiðjunnar með t.d. aukinni sköpunarvinnu frá hugmynd að vöru, þróun hennar og markaðssetningu. Það krefst þátttöku nemanna okkar og þjálfar þau í þeirri hugsun sem fylgir því að skapa vöru og vonandi eykur sértekjur Fjölsmiðjunnar. Þetta er í takt við anda Fjölsmiðjunnar frá stofnun hennar árið 2001.

Reksturinn er erfiður en starfsemin er mikilvæg og það er þörf á að draga betur fram árangurinn af starfseminni, rekstrarlega og tengt líðan og framförum nema. Við teljum að tækifærin sem felast í því að blanda saman vinnuúrræðinu, tekjusköpun (verðmætasköpun), almennri fræðslu, námi, sköpun, hreyfingu, lífsleikni og hafa gaman hafi jákvæð áhrif á vellíðan og árangur nema. Einn mikilvægasti þátturinn með starfsemi Fjölsmiðjunnar er að koma einstaklingum út úr félagslegri einangrun og stuðla þannig að heilbrigðu daglegu lífi.

Mikið álag er á starfsmönnum m.a. vegna krefjandi einstaklinga þar sem stundum er erfitt að sjá árangurinn af starfinu þrátt fyrir mikið framlag starfsmanna. Þess vegna er mikilvægt að horfa til litlu sigranna í starfinu.

Nauðsynlegt er að greina vel þarfir einstaklinga sem sækja vinnu til Fjölsmiðjunnar m.t.t. náms og atvinnu.

Mikilvægt verður að halda áfram að eiga samtali við hagsmunaaðila Fjölsmiðjunnar á árinu m.t.t. þess að skerpa á stefnu Fjölsmiðjunnar til framtíðar eins og áður hefur komið fram.

17. Fylgiskjöl

Nr. I- Samningur við nema

Nr. II - Almennar reglur

Nr. III – Ástundunarreglur

Nr. IV – Framfaraskráning (dæmi)

Nr. V – Dagskrá úr Memaxi hugbúnaðarkerfi

Nr. VI – Persónuverndarstefna Fjölsmiðjunnar

Fylgiskjal nr. I

Samningur við nema Fjölsmiðjunnar

Samningur við Fjölsmiðjuna

Ágæti umsækjandi, velkominn í Fjölsmiðjuna!

Fjölsmiðjan er fyrst og fremst vinnu- og þjálfunarstaður þar sem öllum sem þangað leita er gefið tækifæri til að efla sig og stuðla að eigin vellíðan í öruggu og þægilegu starfsumhverfi þar sem hver og einn fær sín notið á eigin forsendum. Þó ber að hafa í huga að starfsmenn/nemar Fjölsmiðjunnar þurfa að standa við skuldbindingar sínar sem tengjast verkefnum og störfum innan deilda þar sem vinnuframlag og jákvætt viðhorf skiptir öllu máli. Samningar hafa verið gerðir við fjölmarga einstaklinga og fyrirtæki þar sem okkur hefur verið treyst fyrir verkefnum sem okkur ber að skila af okkur á tilsettum tíma og því þarf að standa skil á. Með samvinnu og vinnusemi náum við þessum markmiðum okkar.

Hér í Fjölsmiðjunni hefst ákveðinn undirbúningur einstaklinga til þátttöku á almenna vinnumarkaðinum og/eða áframhaldandi skólagöngu. Hægt er að stunda nám samhliða störfum í Fjölsmiðjunni með samkomulagi viðkomandi skóla eða sækja nám í Fjölsmiðjunni á 1. þrepi í því skyni að ljúka grunnskólaskyldunni í íslensku og stærðfræði. Lífsleikni fer fram á hverri deild mánaðarlega og vettvangsferðir eru farnar inn á milli, allir nemar Fjölsmiðjunnar taka þátt.

Allir hafa kost á að efla sjálfa sig í námi og starfi innan Fjölsmiðjunnar og starfsmenn hennar taka fullan þátt í því með jákvæðri samvinnu, hvatningu og stuðning við hvern og einn. Það er undir sjálfum þér komið hvernig þú nýtir þér það á sem farsælasta veg.

Vinnutími og verkþjálfunarnámsstyrkur: Almennur vinnutími er 6,5 klst mánu.- til fimmtudaga og 5 klst á föstudögum. Nemar 16 – 18 ára fá greiddar 1874 kr. / klst. = vikan 58.094 kr. Nemar 18 ára og eldri fá greiddar 2556 kr /klst. = vikan 79.236 kr.

Vinnutímabilið reiknast frá 26. degi mánaðar til 25. næsta mánaðar.

Almennt er vinnutími mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 - 15:00 og föstudaga 8:30 – 13:30. Vinnutími getur verið breytilegur í einstaka tilfellum og tengist það m.a. skólasókn viðkomandi, öðrum uppbyggilegum þáttum eða sér samningum. **Alltaf skal tilkynna forföll fyrir kl. 9:00 á morgnana dag hvern!**

Morgunkaffi er mánu.- fimmtudaga frá kl. 9:30- 10:00 og hádegismatur er kl. 12:30 – 13:00 og Brunch á föstudögum kl. 10:00. Matarkostnaður nema/starfsmanns er 900 kr. pr. dag og er dregið af þjálfunarstyrk mánaðarlega.

Mæting/viðvera: Nemi skal tilkynna komu sína til deildarstjóra um leið og mætt er til vinnu vegna skráninga, þannig er fylgst með mætingu og til að auðvelda launaútreikninga.

Fimm leiðir að vellíðan og Framfaraskráning - Til hvatningar og ábendingar þá eru ákveðnir þættir metnir reglulega til að fylgjast með framförum og viðkomandi (þér) veittar upplýsingar um

niðurstöðuna á stuttum fundi. Það sem metið er byggir á þáttum sem stuðla að aukinni vellíðan og staðfest hefur verið með rannsóknum að svo sé.

Lagt er m.a. áherslu á eftirfarandi almenna þætti:

- Góð almenn mannleg samskipti.
- Mynda tengsl á uppbyggjandi hátt með virðingu fyrir hvert öðru (enginn er fullkominn).
- Sýna umhyggju og samúð.
- Jákvæðni.
- Tillitssemi.
- Lausnaleit, t.d. vilji til að leita lausna í samskiptum eða tengt vinnuaðferðum o.fl.
- Þolinmæði.
- Sýna frumkvæði t.d. koma með jákvæðar ábendingar til Fjölsmiðjunnar.
- Dugleg/ur að spyrja og afla sér upplýsinga.
- Aðstoða/leiðbeina öðrum ef þörf er á.
- Taka eftir - halda í forvitnina og vera í núinu (njóta augnabliksins).
- Sýna vilja til að læra og prófa að fara út fyrir þægindarammann sinn (veitir mikla ánægju ef slíkt tekst).
- Gefa af þér - sýna þakklæti, brosa, gefa öðrum af þínum tíma.
- Stunda hreyfingu sem þú hefur ánægju af, utan hefðbundins vinnutíma, styrkir líkama og sál.

Aðrir þættir :

- **Notkun áfengis- og vímuefna er bönnuð í Fjölsmiðjunni.** Notkun slíkra efna, samkvæmt rannsóknum eykur m.a. kvíða, þunglyndi og dregur úr lífsins virkni.
- Góð umgengni verði í fyrirrúmi...
- Rifjaðu upp daglega með sjálfum þér styrkleika þína. Vertu ekki of dómharður í eigin garð, gefðu sjálfum þér tækifæri til að eflast.
- Vinsamlega að láta vita af þér og skýringar með ef þú ekki mætir í Fjölsmiðjuna til vinnu.

Gott lífsviðhorf : „Hamingja er heilbrigt viðhorf, þakklátur andi, hrein samviska og hjarta fullt af kærleika“ (Tilvitnun í Karl Sigurbjörnsson).

Aðalsími Fjölsmiðjunnar: 544-4080

Forstöðumaður: Sturlaugur Sturlaugsson s. 896-0162

Verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi: Heiða Kristín L. Harðardóttir s. 571-2781

Staður og dags: _____

Undirskrift fyrir hönd Fjölsmiðjaunnar

Undirskrift nemi/starfsmaður

Fylgiskjal nr. II

Almennar reglur Fjölsmiðjunnar

Almennar reglur

Í Fjölsmiðjunni á öllum að líða vel. Til þess að svo verði þá þurfum við m.a. að :

- Bera virðingu fyrir hvert öðru
- Vera kurteis
- Taka tillit til hvers annars
- Vera fordómalaus
- Vera jákvæð og lausnamiðuð
- Sýna umhyggju og samúð

Veigamikill þáttur í því að fjölga farsælum ákvörðunum sínum í lífinu er að manni líði vel og sé í góðu jafnvægi, að því vill Fjölsmiðjan stuðla.

Við þurfum að beita jákvæðum viðhorfum við lausn á okkar verkefnum.

Almennir áherslupættir :


- Virða ástundunarreglur og umsaminn vinnutíma þar sem gert er ráð fyrir raunmætingu að lágmarki 65% og heildarmætingu 80% (raunmæting + tilkynnt fjarvera/forföll).
- Mikilvægt er að fylgja m.a. settum reglum varðandi handþvott og hreinlæti.
- Tímasetningar varðandi kaffitíma, hádegismat og pásur geta verið mismunandi milli deilda og ber nemum að **fara eftir fyrirmælum deildarstjóra** hvað það varðar.
- Símanotkun á vinnutíma er með **öllu óheimil** nema með fenginni heimild deildarstjóra.
- Tóbaksnotkun á vinnutíma er með öllu óheimil innandyrá í Fjölsmiðjunni sama á hvaða formi hún er, þar með talið munntóbak, veip o.þ.h.
- Eingöngu eru leyfðar reykingar við ákveðin svæði við Fjölsmiðjuna. Skilyrði fyrir því að leyfa reykingar á þessum svæðum er að gengið sé vel um viðkomandi svæði, annars er hættu á því að þær verði bannaðar með öllu.
- Notkun áfengis- og vímuefna er bönnuð í Fjölsmiðjunni. Notkun slíkra efna, samkvæmt rannsóknum eykur m.a. kvíða, þunglyndi og dregur úr lífsins virkni.
- Góð umgengni verði í fyrirrúmi.

- Rifjaðu upp daglega með sjálfum þér styrkleika þína. Vertu ekki of dómharður í eigin garð, gefðu sjálfum þér tækifæri til að eflast. Enginn er fullkominn.
- Hafðu í huga að „Fyrirgefningin er gjöf. Ég sleppi takinu af atburði eða manneskju og held áfram að lifa mínu lífi.“ Sjálfs þín vegna.

Vanvirðing fyrir starfsemi og almennum reglum Fjölsmiðjunnar getur leitt til fyrirvaralausrar uppsagnar nemans.

Við skulum hafa það í huga að eitt meginn hlutverk Fjölsmiðjunnar er að undirbúa nema Fjölsmiðjunnar fyrir nám og vinnu. M.a. þess vegna erum við að leggja áherslu á ástundunar- og almennar reglur Fjölsmiðjunnar.

Gott lífsviðhorf : „Hamingja er heilbrigt viðhorf, þakklátur andi, hrein samviska og hjarta fullt af kærleika“ (Tilvitnun í Karl Sigurbjörnsson).



Með kærri kveðju, Starfsfólk Fjölsmiðjunnar

Fylgiskjal nr. III

Ástundunarreglur

Ástundunarreglur

Vinnutími Fjölsmiðjunnar er eftirfarandi:

Mánu.- til fimmtudaga frá kl. 8:30 – 15:00 og á föstudögum frá kl. 8:30 – 13:30.

Allir nemar Fjölsmiðjunnar starfa samkvæmt þessum tímasetningum nema ef um annað hefur verið samið sérstaklega.

Þegar komið er til vinnu þarf að láta deildarstjóra vita af komu sinni. Ef gleymist að láta vita af sér, getur það þýtt að rangur komutími viðkomandi skráist í gögn Fjölsmiðjunnar sem þá hefur áhrif á upphæð greiðslu þjálfunarstyrks um mánaðarmót. Þetta er alfarið á ábyrgð nema.

Tilkynna þarf forföll í síma **5444080** fyrir **kl. 9:00** á morgnana dag hvern á meðan fjarvera varir. Einnig má senda tölvupóst á **fjoldmidjan@fjolsmidjan.is**

Raunmæting þarf að vera að lágmarki 65% og heildarmæting 80% (raunmæting + tilkynnt fjarvera/forföll).

- Ef engar forfallatilkynningar eða skýringar á fjarveru eru tilkynntar í vikutíma og ekki næst í viðkomandi í síma, með tölvupósti eða sms skilaboðum. Þá er bréf sent heim.
- Nemandi er gefið tækifæri í tvær vikur frá og með dagsetningu bréfsins að hafa samband eða mæta aftur til starfa og/eða náms.
- Ef engin viðbrögð verða innan þess tímabils er litið svo á að viðkomandi kjósi að hætta störfum og/eða námi hjá Fjölsmiðjunni.
- Einnig er tekið fram að Fjölsmiðjan lætur ráðgjafa (tengilið) nema vita af því að viðkomandi sé hættur og greiðslur stöðvaðar.

Tímasetningar varðandi kaffitíma, hádegismat og pásur geta verið mismunandi milli deilda og ber nemum að **fara eftir fyrirmælum deildarstjóra** hvað það varðar.

Við skulum hafa það í huga að eitt megin hlutverk Fjölsmiðjunnar er að undirbúa nema Fjölsmiðjunnar fyrir nám og vinnu. M.a. þess vegna erum við að leggja áherslu á ástundunarreglur Fjölsmiðjunnar.

Með kærri kveðju,

Starfsfólk Fjölsmiðjunnar

Fylgiskjal nr. IV

Framfaraskráning í Memaxi (sýnishorn einstaklings)

Merkingar eru eftirfarandi:

Til að auðvelda úrvinnslu gagna og þróa kerfið þá var kvörðnum breytt í tölur. Kvarðinn er nú frá 1-10 í öllum þáttum.

Líðan - hvernig líður þér núna?

(10 = best)

Mæting

Vinnuframlag

Góð almenn samskipti

Tillitssemi

Frumkvæði (byrja strax að vinna)

Að vera lausnamiðaður (finn sjálf/ur lausn ef upp kemur vandi)

Að aðstoða aðra

Umgengni (geng vel um umhverfi mitt)

Hreinlæti (handþvottur, fatnaður o.s.frv.)

Að vera jákvæður

Að gefa af mér (sýni öðrum áhuga)

Sýna lærdómsvilja (vil læra nýja hluti)

Að vera vandvirk/ur

Stunda hreyfingu

Þjálfun í þakklæti

Þjálfun í að fyrirgefa

Svefnvenjur

Mynda tengsl við fjölskyldu

Mynda tengsl við vini

Annað(markmið):

Fylgiskjal nr. V

Dæmi um dagskrá vikunnar, Memaxi hugbúnaðarkerfi.

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	la
25	26	27	28	29	
10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga		
11:00: Stærðfræði	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	13:00: Námsaðstoð í stærðfræði Kristín	10:00: Isenskukennsla (Margrét)		
13:00: Lífsleikni stelpur	11:00: Stærðfræði	14:00: Aðlögun á íslensku samfélagi	13:00: Hreyfing stelpur		
	12:30: Líf og heilsa - Framvegis		14:00: Stærðfræði Úlfur		
	13:00: Hreyfing stelpur				
2	3	4	5	6	
10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga		
11:00: Stærðfræði	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	13:00: Námsaðstoð í stærðfræði Kristín	10:00: Isenskukennsla (Margrét)		
13:00: Lífsleikni stelpur	11:00: Stærðfræði	14:00: Aðlögun á íslensku samfélagi	13:00: Hreyfing stelpur		
	12:30: Líf og heilsa - Framvegis		14:00: Stærðfræði Úlfur		
	13:00: Hreyfing stelpur				
9	10	11	12	13	
10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga		
11:00: Stærðfræði	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	13:00: Námsaðstoð í stærðfræði Kristín	10:00: Isenskukennsla (Margrét)		
13:00: Lífsleikni stelpur	11:00: Stærðfræði	14:00: Aðlögun á íslensku samfélagi	13:00: Hreyfing stelpur		
	12:30: Líf og heilsa - Framvegis		14:00: Stærðfræði Úlfur		
	13:00: Hreyfing stelpur				
16	17	18	19	20	
10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga		
11:00: Stærðfræði	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	13:00: Námsaðstoð í stærðfræði Kristín	10:00: Isenskukennsla (Margrét)		
13:00: Lífsleikni stelpur	11:00: Stærðfræði	14:00: Aðlögun á íslensku samfélagi	13:00: Hreyfing stelpur		
	12:30: Líf og heilsa - Framvegis		14:00: Stærðfræði Úlfur		
	13:00: Hreyfing stelpur				
23	24	25	26	27	
10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga		
11:00: Stærðfræði	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	14:00: Aðlögun á íslensku samfélagi	10:00: Isenskukennsla (Margrét)		
13:00: Lífsleikni stelpur	11:00: Stærðfræði		13:00: Hreyfing stelpur		
	13:00: Hreyfing stelpur		14:00: Stærðfræði Úlfur		
30	31	1	2	3	
10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	08:30: Íslenska fyrir útlendinga		
11:00: Stærðfræði	10:00: Isenskukennsla (Margrét)	14:00: Aðlögun á íslensku samfélagi	10:00: Isenskukennsla (Margrét)		
13:00: Lífsleikni stelpur	11:00: Stærðfræði		13:00: Hreyfing stelpur		
	13:00: Hreyfing stelpur		14:00: Stærðfræði Úlfur		

Fylgiskjal nr. VI

Persónuverndarstefna Fjölsmiðjunnar

Persónuverndarstefna

Fjölsmiðjan leggur áherslu á trúnað og öryggi við meðferð persónuupplýsinga í starfsemi sinni. Persónuverndarstefnu okkar er ætlað að útskýra hvaða upplýsingum er safnað, hvernig þær eru notaðar og hvaða aðgangur er veittur að þeim. Stefnunni er ætlað að stuðla að sameiginlegum skilningi allra er nýta sér þjónustu Fjölsmiðjunnar sem og þeirra sem starfa fyrir Fjölsmiðjuna, sitja í stjórn hennar eða starfa sem verktakar á hennar vegum. Persónuverndarstefnan er byggð á ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og gildir um alla þjónustu sem veitt er af Fjölsmiðjunni og aðilum sem sannarlega vinna á vegum hennar.

Söfnun og notkun persónuupplýsinga hjá Fjölsmiðjunni:

Vinnsla Fjölsmiðjunnar á persónuupplýsingum fer fram í skýrum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum. Fjölsmiðjan leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur. Persónugreinanlegar

upplýsingar eru gögn sem nýtast beint eða óbeint við að bera kennsl á eða hafa samband við tiltekinn einstakling. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki til persónuupplýsinga.

Ný persónuverndarlög gera m.a. strangar kröfur um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Dæmi um viðkvæmar persónuupplýsingar eru um: kynhneigð, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi, heilsufar og þjóðernislegan uppruna. Undir tilteknum kringumstæðum safnar Fjölsmiðjan viðkvæmum persónuupplýsingum vegna starfsemi sinnar. Fjölsmiðjan vinnur með eftirfarandi persónuupplýsingar:

- Persónugreinanlegar upplýsingar: nafn, kennitölu, netfang, símanúmer og heimilisfang
- Upplýsingar um stéttarfélagsaðild
- Upplýsingar úr sakaskrá
- Upplýsingar um heilsufar
- Upplýsingar um kyn
- Greiðslukortaupplýsingar
- Upplýsingar um námsferil/menntunarstig
- Upplýsingar um viðveru/ástundun
- Upplýsingar um samskipti við Fjölsmiðjuna
- Tæknilegar upplýsingar um hvernig vefur Fjölsmiðjunnar er nýttur – IP-tala, tungumálastillingar, vafrastillingar, tímabeltisstillingar o.fl.
- Landfræðilegar upplýsingar – landfræðileg staðsetning

Fjölsmiðjan notar og vinnur með persónuupplýsingar í eftirfarandi tilgangi:

- Til að veita nemum/viðskiptavinum svör um fyrra nám hjá Fjölsmiðjunni
- Til að afgreiða umsóknir um nám/fræðslu/störf
- Til að framkvæma raunfærnimat
- Í rekstrarlegu tilgangi: senda út reikninga, greiða verktökum og taka við greiðslum í gegnum greiðslukort
- Til að bóka og framkvæma viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa
- Til að halda utan um viðveru, einkunnir, námsferla og gefa út vitnisburð að loknu námi. Slíkar upplýsingar eru færðar og vistaðar í Memaxi eða INNU.
- Vegna starfsmannahalds
- Vegna ráðninga á verktökum til fræðslustarfs
- Í markaðslegum tilgangi

Upplýst samþykki viðskiptavina og starfsmanna:

Vinnsla tiltekinnna persónuupplýsinga er nauðsynleg þegar viðskiptavinir skrá sig í þjónustu hjá Fjölsmiðjunni. Skráningar einstaklinga í nám fara í gegnum vefsvæði Fjölsmiðjunnar og þar haka þeir við yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér persónuverndarstefnu Fjölsmiðjunnar. Öllum sem sækja ráðgjöf, fara í raunfærnimat eða

fá fræðslu á vegum fyrirtækja er kynnt persónuverndarstefnan. Starfsmenn og verktakar á vegum Fjölsmiðjunnar samþykkja með undirskrift sinni að þeir hafi kynnt sér stefnuna.

Vefsvæði og samfélagsmiðlar:

Vefsvæði Fjölsmiðjunnar safnar ýmsum upplýsingum er varðar öryggi vefsins og IP tölum notenda. Vefsvæðið notar einnig vafrakökur sem safnar upplýsingum um virkni, heimsóknartíðni og fleira. Notendur vefsvæðisins fá upp sprettiglugga þar sem þeim er boðið að samþykkja slíka vinnslu. Fjölsmiðjan notar samfélagsmiðla á borð við Instagram og Facebook til að miðla fréttum úr starfsemi sinni og til að auglýsa þjónustu sína. Ef birtar eru persónugreinanlegar upplýsingar eins og t.d. myndir er alltaf leitað samþykkis viðkomandi aðila áður.

Persónuupplýsingum deilt með þriðja aðila:

Við ákveðnar kringumstæður þarf Fjölsmiðjan að deila persónuupplýsingum til þriðja aðila. Slíkar aðstæður geta m.a. komið upp vegna: beiðni frá opinberum aðilum, vegna málaferla og reglugerða, vegna samninga við hagsmunaaðila, vegna beiðni frá opinberum aðilum, vegna vinnu verktaka fyrir Fjölsmiðjuna, vegna hýsingar á stafrænum gögnum í gagnaverum. Fjölsmiðjan leggur áherslu á að persónuupplýsingar séu ekki afhentar þriðja aðila nema fyrir liggja vinnslusamningur milli aðilans og Fjölsmiðjunnar um hvernig skuli unnið með viðkomandi upplýsingar.

Varðveisla persónuupplýsinga:

Starfsemi sinnar vegna þarf Fjölsmiðjan að varðveita ýmsar persónuupplýsingar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Sömuleiðis varðveitir Fjölsmiðjan ýmsar persónuupplýsingar er lýtur að starfsmannahaldi, upplýsingagjöf til Menntamálaráðuneytis og annarra samantekta af gögnum í markaðslegum og þróunarlegum tilgangi. Persónuupplýsingar eru varðveittar rafrænt hjá Memaxi gagnagrunni, INNU skráningarkerfi, rafrænt í gagnaverum Microsoft og gagnaverum 1984 og prentaðar í læstum hirslum.

Réttur einstaklinga:

Samkvæmt persónuverndarlögum eiga einstaklingar rétt á fá aðgang að þeim persónuverndarupplýsingum sem varðveittar eru um hann. Þá getur hann einnig í einhverjum tilvikum átt rétt á að persónuupplýsingar um sig verði leiðréttar, framsendar annað eða þeim eytt.

Fyrirspurnir:

Berist Fjölsmiðjunni spurningar, kvartanir eða athugasemdir varðandi persónuverndarstefnu eða gagnavinnslu er málinu fylgt eftir af framkvæmdarstjóra og/eða persónuverndarfulltrúa.

Uppfærslur á persónuverndarstefnu:

Persónuverndarstefna þessi er hluti af gæðahandbók Fjölsmiðjunnar og verður endurskoðuð reglulega. Breytingar á persónuverndarstefnunni geta verið kynntar án fyrirvara.